

 ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

MAGN MÓS Á MÝRUM VESTUR
NÝTT BRÁÐABIRGDAMAT

Freysteinn Sigurðsson
Sigbjörn Guðjónsson

FS-SG-81/03

Desember 1981

GREINARGERÐ


MAGN MÓS Á MÝRUM VESTUR
NÝTT BRÁÐABIRGÐAMAT

Freysteinn Sigurðsson
Sigbjörn Guðjónsson

FS-SG-81/03

Desember 1981

ÁGRIP



Í júní 1981 var mæld dýpt mómyra á nokkrum stöðum vestur á Mýrum, milli Kaldár í Kolbeinsstaðahreppi og Gljúfurár. Fyrstu niðurstöður þeirra mælinga voru notaðar, ásamt bráðabirgðamati á útbreiðslu votlendis, til að endurmeta magn mós á Mýrum.

Skoðað var tæplega 700 km^2 stórt svæði. Metið er þessu sinni, að votlendi sé um 330 km^2 , eða tæp 50% alls flatarmáls. Þess er getið til að flatarmál mómyra, stærri en 10 ha hver, sé um 150 km^2 , en um 40 km^2 fyrir mómyrar stærri en 100 ha hver. Meðalþykkt nýtanlegs mólags á Mýrum er giskað á að sé nærri 1,2 m. Rúmmál mólags í fyrrnefndum stærðarflokkum væri þá 190 millj. m^3 og 50 millj. m^3 í stað 270 millj. m^3 og 110 millj. m^3 , eins og áður hafði verið metið (sjá „Mór á Íslandi“ 1980). Þykkt mólags virðist vera allt að helmingi minni en giskað hafði verið á. Unnið er að frekari úrvinnslu gagna, en niðurstöður hennar gætu breytt mati þessu töluvert.

1. INNGANGUR

Í skýrslu Orkustofnunar „Mór á Íslandi“ (Freysteinn Sigurðsson & Þórólfur H. Hafstað 1980) var talið, að stærsta samfellda, móvænlega votlendissvæðið á landinu sé vestur á Mýrum. Giskað var á að flatarmál móvænlegs votlendis væri um 360 km^2 . Ýmsar fleiri ágiskanir fylgdu þessarri, en þeim lyktaði með því, að rúmmál mólags í samfelldum, djúpum mýrum, stærri en 10 ha hver, var talið vera 270 millj. m^3 , en um 110 millj. m^3 í samskonar mýrum, stærri en 100 ha hver. Skýrsla þessi byggir á heimildum, sem þá voru kunnar, og ágiskunum höfunda.

Síðan hún kom út hafa bæst við ýmsar upplýsingar. Á vegum Raunví sindastofnunar Háskólans voru gerðar þykktarmælinga á nokkrum mýrum í Álftanes-hreppi á Mýrum (Ólafur Ingólfsson 1981). Í júní 1981 var á vegum Orkustofnunar mæld þykkt mólags (dýpt mómyra) all víða á Mýrum. Mælingar þessar gerðu þeir jarðfræðingarnir Sigbjörn Guðjónsson og Ólafur Ingólfsson. Í ráði er að semja sérstaka greinargerð um mælingar þessar og aðrar athuganir tengdar þeim. Í júlí, sama ár, töku jarðfræðingarnir Margrét Hallsdóttir og Ólafur Ingólfsson sýni á 11 mælistöðum til mógreiningar, en 3 sýni voru tekin á vegum Raunví sindastofnunar 1980 (Ólafur Ingólfsson 1981). Til stendur að ljúka greiningum á sýnum frá 1981 á næsta ári (1982).

Þó ekki hafi verið unnið til hlítar úr þessum viðbótarrannsóknum, þá gefa þær upplýsingar, sem þegar liggja fyrir, samt tilefni til að endurmeta mómagnum og ástand mómyra á Mýrum. Mat þetta verður að skoðast sem bráðabirgðamat og þarfnaðt uglaust endurskoðunar, þegar endanlegar niðurstöður framan-greindra rannsókna liggja fyrir. Magnmatið byggist á tvennu: Annars vegar mældri dýpt mómyra, og hins vegar svæðaskiftingu eftir hlutfalli votlendis af flatarmáli votlendissvæða, samkvæmt mati á loftmyndum. Þessi grunnur að magnmatinu er sýndur á meðfylgjandi korti (mynd 1).

2. SVÆÐAKIFTING

Á loftmyndum var metið hlutfall á milli votlendis (mýra) annars vegar og þurrlendis (klapparholta, mela, valllendis o.s.frv.) hins vegar, hvað flatarmál snertir. Vötn og tjarnir voru ekki metin með, enda má sjá

1981-11-09

legu þeirra á meðfylgjandi korti. Eftir hlutföllum er svæðum skift í 5 flokka, en þar af er einn flokkur svæði, þar sem votlendi vantar að kalla (<10%). Mat þetta á hlutföllum votlendis og þurrlendis er að sjálfsögðu nokkuð ónákvæmt, og við raunar álitamál. Við það er ekki tekið tillit til þess, hvort þurrlendis- eða votlendis- reitir eru smáir eða stórir en slikt getur skift verulegu máli við mótekju.

Flékkarnir eru eftirfarandi (skrá 1):

SKRÁ 1

Flokkun eftir hlutdeild (hlutfalli) votlendis:

<u>Flokkur</u> nr.	<u>Hlutfall votlendis af flatarmáli</u> <u>svæði (%)</u> .
0	<10
1	~25
2	~50
3	~75
4	>90

Ekki var reynt að búta svæðin mjög smátt eftir flokkum. Minnstu reitirnir eru $1/2 - 1 \text{ km}^2$ að stærð. Þetta eykur lítillega ónákvæmnina, þar eð sums staðar þarf að draga saman á einn reit smáskækla með ólík hlutföll votlendis. Hitt er þó sýnu oftar, að hlutföll séu svipuð yfir stór svæði, miðað við þá flokkun, sem hér er notuð.

Á meðfylgjandi korti kemur glöggjt fram, að votlendi er mun meira vestan til á Mýrunum, úti við Faxaflóa, en austan til. Þetta kemur skýrt fram, ef hlutfall votlendis á stórum svæðum er skoðað, sjá skrá 2. Mýrunum er í þeirri skrá skift upp í 6 hluta, að mestu leyti eftir hreppum. Kolbeinsstaðahreppur (í Hnappadalssýslu) er talinn með, sem eitt svæði, vestur að Kaldá. Hraun- og Álfataneshreppum er tvískift, þannig að svæði út við Faxaflóa eru talin sér.

1981-11-09

SKRÁ 2

Svæðaskifting eftir hlutföllum votlendis.

Flokkur	Flatarmál í flokki km^2	Votlendi km^2
---------	-------------------------------------	---------------------------

Kolbeinsstaðahreppur austan Kaldár: (um 60 km^2)

1	0	0
2	3	2
3	10	7
4	17	17
Samtals:	30 km^2	26 km^2

Hraunhreppur, V-hluti (um 80 km^2):

1	1	0
2	8	4
3	34	26
4	16	16
Samtals:	59 km^2	46 km^2

Hraunhreppur, A-hluti (um 160 km^2):

1	7	2
2	37	18
3	66	50
4	1	1
Samtals:	111 km^2	71 km^2

Álfataneshreppur, SV-hluti (um 80 km^2):

1	0	0
2	10	5
3	38	28
4	12	12
Samtals:	60 km^2	45 km^2

Álfataneshreppur, NA-hluti (um 130 km^2):

1	18	4
2	83	42
3	18	14
4	0	0
Samtals:	119 km^2	60 km^2

Borgarhreppur (um 180 km^2):

1	40	10
2	94	47
3	26	20
4	6	6
Samtals:	166 km^2	83 km^2

1981-11-09

Flatarmál þessa svæðis alls, frá fjöru til fjalls, er nærri 700 km^2 . Hluti þess er vötn og votlendislaus svæði. Svæði með votlendi er 545 km^2 , samkvæmt skrá 2. Þetta er næstum 50% stærra svæði en miðað var við sem „móvænleg votlendissvæði“ í „Mór á Íslandi“. Hér er raunar um skilgreiningarmun að ræða; annað er allt svæðið, sem votlendi finnst á; hitt er svæði með móvænlegu votlendi. Liklegt er, að öll svæði í 1. flokki (25% votlendi) og verulegur hluti svæða í 2. flokki (50% votlendi), e.t.v. helmingur, séu ekki „móvænleg“ svæði. Þegar litið er á samanlagt flatarmál einstakra flokka (sjá skrá 3) á þessarri forsendu, þá kemur í ljós, að „móvænleg“ votlendissvæði eru e.t.v. um 360 km^2 , eins og giskað hafði verið á.

SKRÁ 3:Samanlagt flatarmál eftir flokkum.

Flokkur:	Flatarmál: km^2	Votlendi km^2
1	66	16
2	235	118
3	192	144
4	<u>52</u>	<u>52</u>
Samtals:	545 km^2	332 km^2
Flokkar 3+4+2.1/2	362 km^2	255 km^2

Giskað hafði verið á, að mýrar (móymýrar) þektu um helming móvænlegs votlendis á Mýrum, eða um 180 km^2 . Einnig hafði verið giskað á, að 4/5 votlendis í „stórum og djúpum“ mýrum væru móymýrar. Sé miðað við það, þá eru 204 km^2 móymýrar, samkvæmt þessu nýja mati, sem kemur býsna vel heim við gamla matið.

Að þessu sinni verður þó að hafa meiri fyrirvara. Af vinnsluaðferð ræðst, hvers konar móymýrar eru nýtanlegar. Þar skiftir stærð, lögun, framræsla, þykkt mólags o.fl. máli. Svo gæti farið t.d., að mýrarsund milli klapparholta séu ekki nýtanleg vegna mjóddar eða annars, og yrðu þar töluverð afföll af heidarfleti móymýranna. Slikar aðstæður eru sjaldgæfari, þar sem votlendi er samfelldara og hlutdeild þess stærri. Að þessu leyti er því líka svæðamunur, sá sami og fyrr var getið; sjá skrá 2 og skrá 4.

1981-11-09

SKRÁ 4.

Hlutfall votlendis á votlendissvæðum.

Svæði	Votlendissvæði km ²	Votlendi km ²	Hlutfall %
Kolbeinsstaðahr. austan Kaldár	30	26	87
Hraunhr., V-hluti	59	46	78
Álfтанeshr. SV-hluti	60	45	75
Hraunhr. A-hluti	111	71	64
Álfтанeshr. NA-hluti	119	60	50
Borgarhr.	166	83	50

Mesta og samfelltasta votlendið er beggja vegna neðanverðrar Hitarár og sunnan við Álttarós. Á þessum slóðum gæti þó verið við vissan vanda að eiga, hvað varðar framræslu mýranna. Svo þunnt er mólagið viða, að lágir bergþróskuldar nægja til að halda vatni hátt uppi í því.

3. ÞYKKT MÓLAGS.

Meðaltöl hafa verið reiknuð fyrir mælda dýpt mýra á mælilínum (einni eða fleiri) frá 1981 og úr einstökum mýrum (Raunvísindastofnun 1980).

Samtals er hér um 28 meðalgildi að ræða. Þar af er 1 í Kolbeinsstaðahreppi, 2 eða 3 í utanverðum Hraunhreppi, 6 í utanverðum Álftaneshreppi, 6-7 í ofanverðum Hraunhreppi, 12 í austanverðum Álftaneshreppi en ekkert í Borgarhreppi.

Meðaltöl þessarra meðaltala verða áþekk, hvort sem miðað er við svæði, flókkun eftir hlutfalli votlendis, eða hreppa og hreppshluta, sjá skrá 5 og skrá 6.

1981-11-09

SKRÁ 5

Meðaldýpt mýra eftir landssvæðum:

Hreppur, hrepps-hluti:	Fjöldi mælisvæða.	Meðaldýpt m
Kolbeinsstaðahr.	1	1,9
Hraunhr. V-hl.	2 1/2	1,8
Álfaneshr. SV-hl.	6	2,0
Hraunhr. A-hl.	6 1/2	1,6
Álfaneshr., NÁ-hl.	12	2,2

Engin mæling er úr Borgarhreppi, sem fyrr segir. Meðaltal þessarra 28 meðaltala er 1,95 m. Lega svæða þeirra, sem meðaltölin eru af, er sýnd á meðfylgjandi korti (mynd 1). Svæði þessi eru ekki jafndreifð um allar Mýrar og verður að hafa það í huga við mat á meðalgildi.

SKRÁ 6

Meðaldýpt mýra á flokkuðum svæðum.

Flokkur nr.	Fjöldi mælisvæða	Meðaldýpt m
2 (um 50% votlendi)	10	2,1
3 (" 75% ")	14	1,9
4 (yfir 90% ")	4	1,9

Ekki var mælt á þeim svæðum, sem eru talin til flokks nr. 1, enda er þar lítið um mómyrar. Ójöfn dreifing mæligilda hefur sín áhrif á þessi meðaltöl líka. Sama ástæða er fyrir háum meðalgildum í flokki nr. 2 og í austanverðum Álfaneshréppi: 8 mælisvæði eru á litlu svæði niður með Langá og Borgarfirði. Meðal þeirra eru þau 4, sem hafa mesta meðaldýpt samkvæmt mælingum.

Svo er að sjá, sem móymarnar séu grynnri, bæði úti við ströndina og eins uppi undir fjöllunum. Þessi svæði komast þó hvergi nærri því að vera með 2 m mólag, eins og skilgreint var fyrir mómyrar í skýrslunni „Mór á Íslandi“. Svo er raunar að sjá, sem einungis lítill hluti móymára á Mýrum nái þessarri meðalþykkt mólags.

1081-11-09

Með nauðsynlega fyrirvara í huga virðist ekki vera ástæða til að sinni að nota aðra viðmiðunartölu en meðaltal meðaltalanna, 1,95 m. Svæða- eða flokkabundin frávik má meta eftir skram 5 og 6. Þetta gildi samsvarar meðalþykkt myra en ekki meðalþykkt nýtanlegs mólags. Ruðningur ofan af mólagi hefur viða verið talinn 0,3-0,5 m að þykkt. Á Mýrum er hann talinn vera svipaður, samkvæmt athugunum, sem gerðar voru við mælingarnar. Íðulega þarf að skilja eftir sand- eða malarblandið lag við botn myrarinnar. Talið hefur verið um allt að 1/2 m.

Kísilgúrs (barnamoldar) er að vænta á botni sumra myra, einkum þar sem vötn og tjarnir voru áður. Þykkt mólags, eins og hún mælist með aðferð þeirri, sem hér var notuð, verður því að því marki minni, sem nemur þykkt þessa kísilgúrslags.

Það gæti því svo farið, að 1/2-1 m af dýpt myrarinnar teljist ekki til nýtanlegs mólags. Að meðaltali er þá ekki víst, að nýtanlegt mólag í Mýrum sé þykkara en 1,2 m (þ.e. 1,95-0,75 m). Frekari úrvinnsla dýptarmælinganna mun væntanlega varpa ljósi á þetta atriði.

Mæld hámarksdýpt er sjaldan meiri en tvöföld meðaldýpt. Dreifing hlutfalls hámarksdýptar og meðaldýptar er nokkur eftir mælisvæðum, en lítil eftir stærri stærri svæðum, sjá skrá 7.

SKRÁ 7

Hlutfall hámarksdýptar/meðaldýptar eftir landssvæðum.

Svæði	Hlutfall		Fjöldi mælisvæða
	Bil	Meðaltal	
Kolbeinsst. hr.	1,5	1,5	1
Hraunhr. V-hl.	1,5-1,8	1,7	2 1/2
Álfstaneshr. SV-hl.	1,7-1,8	1,8	3
Hraunhr. A-hl.	1,5-2,3	1,75	5 1/2
Álfstaneshr. NA-hl.	1,4-2,2	1,7	10

Hlutfall þetta er hærra á þeim svæðum, þar sem votlendi er sundurslitið, en þar sem það er samfellt, eins og sést, þegar dýptarhlutföllum á mælisvæðum er raðað eftir flokkum samkvæmt hlutfalli votlendis, sjá skrá 8.

1981-11-09

SKRÁ 8

Hlutfall hámarksþykktar/meðalþykktar eftir flokkum.

Flokkur nr.	Hlutfall Bil	Hlutfall Meðaltal	Fjöldi mælisvæða
2 (um 50% votlendi)	1,5-2,2	2,0	6
3 (" 75% ")	1,4-2,3	1,85	12
4 (yfir 90% ")	1,5-1,8	1,6	3

4. MAGN MÓS

Dýptarmælingarnar eru gerðar á votlendi svæðisins. Því er rétt að miða við allt votlendi, þegar metið er heildarmagn mós, þó með fyrirvara vegna ónýtanlegra svæða. Samkvæmt því er flatarmál votlendis u.p.b. $250-330 \text{ km}^2$ (sjá skrá 3) og mólmagn á því $300-400 \text{ millj. m}^3$. Nýtanlegt mólmagn er trúlega stórum minna. Votlendissvæði, þar sem votlendi hylur til jafnaðar 50% flatar eða meir (flokkar 2-4) var metið um 480 km^2 . Votlendi þekur þar af um 300 km^2 . Með 75% votlendishlutfall (til jafnaðar), eða meir, eru rétt tærir 200 km^2 . Enn er ekki ljóst, hversu mikill hluti þessarra svæða er þakinn mólmýrum stærri en 10 ha eða 100 ha hver. Foldarskoðun og loftmyndaskoðun benda þó til þess, að sá hluti sé verulegur. Hins vegar er ljóst, að þykkt mólagsins er ef til vill helmingi minni, en ráð var fyrir gert ($1,2 \text{ m}$ í stað $2 \frac{1}{2} \text{ m}$ í mólmýrum stærri en 10 ha; $1,2 \text{ m}$ í stað $4 \frac{1}{2} \text{ m}$ í mólmýrum stærri en 100 ha).

Sé miðað áfram við þá gömlu ágiskun, að 4/5 samfellds og víðáttumikils votlendis sé mólmýri og flokkur nr. 4 (>90% votlendi) samsvari með því skilyrði samanlöögðu flatarmáli samfelldra mólmýra stærri en 100 ha; og samsvarandi gildi um flokk nr. 3 (um 75% votlendi) og mólmýrar stærri en 10 ha; þá má til bráðabirgða endurmeta mólmagn í þessum stærðarflokkum. Þá er miðað við að þykkt mólags sé alls staðar $1,2 \text{ m}$ en ekki $2 \frac{1}{2} \text{ m}$ eða $4 \frac{1}{2} \text{ m}$, sjá skrá 9.

1981-11-09

SKRÁ 9.

Rúmmál mólags í stórum mýrum.

	Flatarmál km^2	Rúmmál millj. m^3
Mýrar stærri en 10 ha (fl. nr. 3+4 $\geq 75\%$ votl.)	160	190
Mýrar stærri en 100 ha (fl. nr. 4. $> 90\%$ votl.)	40	50

Auk þess er örugglega tölувert magn af mó í mýrum stærri en 10 ha á svæðum þeim, sem tekin hafa verið til flokks nr. 2 (um 50% votlendi).

Rúmmál vinnanlegs mólags er samkvæmt þessu nýja mati mun minna en áður var talið. Ítrekað skal, að mat þetta gæti sennilega breytst verulega, þegar frekari úvinnsla hefur farið fram.

RITASKRÁ:

FREYSTEINN SIGURÐSSON & ÞÓRÓLFUR H. HAFSTAÐ 1980:

Mór á Íslandi OS80022/JKD 01.

Reykjavík, Orkustofnun. 66 s.

ÓLAFUR INGÓLFSSON 1981:

Athugun á mómyrum á Mýrum. Raunvíssindastofnun Háskólags,
greinargerð. Reykjavík 5 s., 3 kort.

MÓMÝRAR Á MÝRUM

VO-D-JK-964 F.S.

